

Frumvarp til laga

um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Frá félags- og vinnumarkaðsráðherra.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um tímabundinn stuðning til greiðslu launa starfsfólks á almennum vinnu-
markaði, sem vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ getur ekki gegnt störfum sínum þar sem
starfsstöð þess er staðsett í sveitarfélaginu, á tímabilinu frá og með 11. nóvember 2023 til og
með 29. febrúar 2024. Enn fremur gilda löggin um stuðning við starfsfólk vegna launataps geti
það af sömu ástæðu ekki gegnt störfum sínum á sama tímabili og fær ekki greidd laun frá
atvinnurekanda þrátt fyrir að ráðningarsamband sé til staðar. Þá gilda löggin um stuðning við
sjálfstætt starfandi einstaklinga vegna launataps geti þeir af sömu ástæðu ekki gegnt störfum
sínum á sama tímabili.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda afkomu fólks, sem ekki getur gegnt störfum sínum
vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð þess er staðsett í sveitarfélaginu,
með því að tryggja launagreiðslur til viðkomandi upp að ákveðnu hámarki. Jafnframt er mark-
mið laga þessara að viðhalda ráðningarsambandi atvinnurekenda og starfsfólks.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- Náttúruhamfarir:** Ófyrirséðir atburðir í náttúrunni sem verða til þess að starfsemi
atvinnurekenda liggur niðri á tilteknu tímabili, að hluta eða öllu leyti, svo sem vegna
rýminga á tilteknum landsvæðum. Getur hér verið um að ræða jarðhræringar, eldgos eða
öskufall vegna eldgoss eða hættu og/eða afleiðingar af slíkum atburði.
- Sjálfstætt starfandi einstaklingur:** Hver sá sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálf-
stæða starfsemi í því umfangi að honum sjálfum er gert að standa mánaðarlega eða með
öðrum reglulegum hætti skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi
vegna starfs síns samkvæmt reglum ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald.
- Starfsfólk:** Einstaklingar á almennum vinnumarkaði sem starfa fyrir og á ábyrgð atvinnu-
rekanda gegn endurgjaldi.

4. gr.

Yfirstjórn og framkvæmd.

Ráðherra fer með yfirstjórn samkvæmt lögum þessum. Vinnumálastofnun annast framkvæmd laganna.

5. gr.

Skilyrði fyrir stuðningi vegna starfsfólks.

Heimilt er að veita tímabundinn stuðning til greiðslu launa starfsfólks á almennum vinnu- markaði upp að ákveðnu hámarki eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Skilyrði fyrir stuðningi eru að:

- a. starfsfólk hafi ekki getað gegnt störfum sínum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð þess er staðsett í sveitarfélaginu, enda liggi niðri starfsemi á starfsstöðinni, að hluta eða öllu leyti, vegna náttúruhamfaranna,
- b. atvinnurekandi hafi sannanlega greitt starfsfólki laun enda séu skilyrði a-liðar uppfyllt.

Heimilt er að veita starfsfólki tímabundinn stuðning vegna launataps upp að ákveðnu hámarki, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum, þrátt fyrir að það hafi ekki fengið greidd laun, svo sem vegna rekstrarörðugleika eða tekjufalls atvinnurekanda. Skilyrði fyrir stuðningi er að ráðningarsamband sé til staðar og að starfsfólkið hafi ekki getað gegnt störfum sínum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð þess er staðsett í sveitarfélaginu enda liggi starfsemi á starfsstöðinni niðri, að hluta eða öllu leyti, vegna náttúruhamfaranna.

6. gr.

Skilyrði fyrir stuðningi við sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Heimilt er að veita sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundinn stuðning vegna launataps upp að ákveðnu hámarki eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Skilyrði fyrir stuðningi eru að:

- a. sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi ekki getað gegnt starfi sínu, að hluta eða öllu leyti, vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð viðkomandi er staðsett í sveitarfélaginu,
- b. sjálfstætt starfandi einstaklingur sé með opinn rekstur auk þess að hafa staðið skil á greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðslu skatts af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt ákvörðun skattfyrivalda í a.m.k. þrjá mánuði á undanfarandi fjórum mánuðum fyrir gildistöku laga þessara eða á annan reglulegan hátt samkvæmt reglum ríkisskattstjóra.

7. gr.

Stuðningur til greiðslu launa.

Stuðningur til greiðslu launa skal taka mið af heildarlaunum starfsfólks hlutaðeigandi atvinnurekanda í þeim almanaksmánuði eða almanaksmánuðum sem starfsfólkið gat ekki gegnt störfum sínum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð þess er staðsett í sveitarfélaginu. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald sem og framlag atvinnurekanda til lífeyrissjóðs viðkomandi starfsfólks.

Stuðningur skv. 1. mgr. miðast við almanaksmánuð og er hlutfallslega lægri fyrir styttra tímabil. Stuðningur getur þó aldrei verið hærri en 633.000 kr. miðað við heilan almanaksmánuð auk þess sem veita skal 11,5% viðbótarstuðning af greiddri fjárhæð vegna mótframlags atvinnurekandans í lífeyrissjóð.

8. gr.

Stuðningur við einstaklinga.

Stuðningur á grundvelli 2. mgr. 5. gr. eða 6. gr. skal taka mið af meðallaunum viðkomandi og/eða meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af, eftir því sem við á, á tímabilinu frá ágúst til október 2023. Vinnumálastofnun ráðstafar 4% af stuðningnum til lífeyrissjóðs viðkomandi einstaklings.

Stuðningur skv. 1. mgr. miðast við almanaksmánuð og er hlutfallslega lægri fyrir styttra tímabil. Stuðningur getur þó aldrei verið hærrí en 633.000 kr. miðað við heilan almanaks- mánuð auk þess sem veita skal 11,5% viðbótarstuðning af greiddri fjárhæð vegna mótframlags sem Vinnumálastofnun ráðstafar til lífeyrissjóðs viðkomandi einstaklings.

9. gr.

Umsókn.

Í umsókn atvinnurekenda, starfsfólks eða sjálfstætt starfandi einstaklinga, eftir því sem við á, um stuðning á grundvelli laga þessara skulu koma fram upplýsingar um þá einstaklinga sem um ræðir hverju sinni. Umsókn skal vera á því formi sem Vinnumálastofnun ákveður og henni skulu fylgja fullnægjandi gögn og upplýsingar að mati stofnunarinnar svo að henni sé unnt að taka afstöðu til þess hvort skilyrði laga þessara fyrir stuðningi séu uppfyllt, þ.m.t. afrit af launaseðlum.

Atvinnurekendur, starfsfólk eða sjálfstætt starfandi einstaklingar, eftir því sem við á, sem láta hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar um það sem kann að hafa áhrif á rétt viðkomandi samkvæmt lögum þessum eiga ekki rétt á stuðningi á grundvelli laganna. Umsóknir skulu afgreiddar þegar allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn hafa borist Vinnumálastofnun. Vinnumálastofnun er heimilt að taka ákvörðun um að synja umsækjanda um stuðning hafi nauðsynlegar upplýsingar og gögn ekki borist innan 45 daga frá þeim degi þegar umsóknin barst stofnuninni.

Umsóknir um stuðning samkvæmt lögum þessum skulu berast Vinnumálastofnun í síðasta lagi 31. maí 2024. Hafi umsókn ekki borist fyrir það tímamark fellur niður réttur til stuðnings á grundvelli laga þessara.

10. gr.

Heimild til að afla og vinna upplýsingar.

Vinnumálastofnun er heimilt að afla og vinna upplýsingar frá Skattinum, Trygginga- stofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands, félagsþjónustu sveitarfélaga, hlutaðeigandi atvinnurekendum, viðkomandi starfsfólki og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem og stéttar- félögum og heildarsamtökum stéttarfélaga. Skilyrði er að upplýsingarnar sem Vinnumála- stofnun aflar og vinnur með séu nauðsynlegar að mati stofnunarinnar til að henni sé unnt að framfylgja lögum þessum og ber aðilum skv. 1. máls. að veita stofnuninni þær upplýsingar sem hún óskar eftir búi þeir yfir þeim.

11. gr.

Ósamrýmanlegar greiðslur.

Skilyrði stuðnings á grundvelli laga þessara teljast ekki uppfyllt njóti starfsfólk eða sjálf- stætt starfandi einstaklingur greiðslna samkvæmt öðrum lögum eða kjarasamningum sem ætlaðar eru til framfærslu viðkomandi á sama tímabili og greiðslum samkvæmt lögum þessum er ætlað að ná til.

Atvinnurekendur sem fá greidda styrki á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar vegna þátttöku starfsfólks í vinnumarkaðsúrræði eiga ekki rétt á stuðningi á grundvelli laga þessara vegna sama starfsfólks á sama tímabili og fyrrnefndar greiðslur eiga við um.

12. gr.

Leiðrétting og endurgreiðsla.

Hafi stuðningur á grundvelli laga þessara verið hærrí en umsækjandi átti rétt á og/eða hafi hann fengið stuðning á tímabili þegar skilyrði laganna voru ekki uppfyllt ber honum að endurgreiða Vinnumálastofnun þá fjárhæð sem ofgreidd var.

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu á ofgreiðslur skv. 1. mgr eru aðfararhæfar.

Komi til úthlutunar arðs hjá atvinnurekanda sem fengið hefur stuðning til greiðslu launa á grundvelli laga þessara, á tímabilinu 1. mars 2024 til og með 28. febrúar 2025 ber hlutaðeigandi atvinnurekanda að endurgreiða Vinnumálastofnun þann stuðning sem hann hefur fengið á grundvelli laga þessara áður en til úthlutunar arðs kemur.

13. gr.

Málskot.

Stjórnvaldsákvæðanir Vinnumálastofnunar samkvæmt lögum þessum sæta kærni til úrskurðarnefndar velferðarmála. Um málsmeðferð hjá nefndinni fer samkvæmt ákvæðum laga um úrskurðarnefnd velferðarmála. Úrskurðir nefndarinnar um endurkröfu á ofgreiddum stuðningi á grundvelli laga þessara eru aðfararhæfir.

Úrskurðir úrskurðarnefndar velferðarmála á grundvelli laga þessara eru endanlegir á stjórnslustigi og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

14. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um málsmeðferð Vinnumálastofnunar.

15. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .**1. Inngangur.**

Frumvarpið er samið í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti, forsætisráðuneyti, Vinnumálastofnun, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Í ljósi jarðhræringa undanfarinna vikna, sem gefa til kynna að mögulegt eldgos á Reykjanesskaga gæti ógnað íbúum, atvinnustarfsemi og mikilvægum innviðum í Grindavíkurbæ, sem og vegna rýmingar á tilteknum svæðum á Reykjanesskaga þykir nauðsynlegt að grípa til sértækra aðgerða í því skyni að vernda afkomu þeirra einstaklinga sem vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ geta ekki gegnt störfum sínum þar sem starfsstöðvar viðkomandi eru í sveitarfélaginu.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Mikil óvissa ríkir í kjölfar jarðhræringa undanfarinna vikna á Reykjanesskaga. Hættustigi almannavarna var lýst yfir 10. nóvember 2023 vegna ákafra jarðskjálfta við Sundhnjúkagíga,

norðan Grindavíkur. Sama dag upplýsti Veðurstofa Íslands almannavarnir um að ekki væri hægt að útiloka að kvikugangur sem væri að myndast gæti náð til Grindavíkur. Í ljósi þess tók Lögreglustjórinn á Suðurnesjum ákvörðun, í samráði við almannavarnir, um að rýma Grindavíkurbæ og lýstu almannavarnir samhliða yfir neyðarstigi á tilteknu svæði á Reykjanesskaga.

Fyrirhuguðum lögum er m.a. ætlað að tryggja tímabundinn stuðning vegna launa þess fólks sem vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ getur ekki gegnt störfum sínum þar sem starfsstöð þess er staðsett í sveitarfélaginu og að viðhalda ráðningarsambandi atvinnurekenda og starfsfólks. Fyrirhuguðum lögum er aðeins ætlað að gilda um tímabundinn stuðning til greiðslu launa starfsfólks á almennum vinnumarkaði, enda er gert ráð fyrir að ríkið og sveitarfélög greiði starfsfólki sínu laun þrátt fyrir að ekki komi til stuðnings á grundvelli fyrirhugaðra laga.

3. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarps þessa lítur að því að vernda afkomu fólks sem ekki getur gegnt störfum sínum, vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð þess er í sveitarfélaginu, með því að tryggja launagreiðslur til þess upp að ákveðnu hámarki. Er þannig gert ráð fyrir að heimilt verði að veita tímabundinn stuðning vegna greiðslu launa starfsfólks á almennum vinnumarkaði upp að ákveðnu hámarki, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt.

Enn fremur er gert ráð fyrir að heimilt verði að uppfylltum tilteknum skilyrðum að veita starfsfólki tímabundinn stuðning vegna launataps upp að ákveðnu hámarki þrátt fyrir að viðkomandi hafi ekki fengið greidd laun, svo sem vegna rekstrarörðugleika eða tekjufalls atvinnurekanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að heimilt verði að veita sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundinn stuðning vegna launataps upp að ákveðnu hámarki, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Gert er ráð fyrir að stuðningurinn geti aldrei numið verið hærri fjárhæð en 633.000 kr. miðað við heilan almanaksmánuð. Þó er gert ráð fyrir að veita skuli 11,5% viðbótarstuðning af greiddri fjárhæð hverju sinni vegna mótframlags í lífeyrissjóð. Er þannig gert ráð fyrir að stuðningurinn geti að hámarki numið 705.795 kr. vegna hvers einstaklings.

Þá er lagt til að komi til úthlutunar arðs hjá atvinnurekanda, sem fengið hefur stuðning til greiðslu launa á grundvelli fyrirhugaðra laga, á tímabilinu 1. mars 2024 til og með 28. febrúar 2025, beri hlutaðeigandi atvinnurekanda að endurgreiða Vinnumálastofnun umræddan stuðning áður en til úthlutunar arðs kemur.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gefur ekki sérstakt tilefni til mats á samræmi við ákvæði stjórnarskrár eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarpið er samið í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu í samráði við forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Vinnumálastofnun, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Vegna þeirrar miklu óvissu sem nú ríkir í tengslum við jarðhræringar undanfarinna vikna á Reykjanesskaga hefur reynst nauðsynlegt að víkja frá ákvæðum samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna, sbr. 9. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar, sem samþykkt var á fundi ríkisstjórnar 24. febrúar 2023, hvað varðar frekara samráð um efni frumvarpsins.

6. Mat á áhrifum.

Fyrirhuguðum lögum er ætlað að taka til starfsfólks á almennum vinnumarkaði og sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem ekki geta gegnt störfum sínum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöðvar viðkomandi eru staðsettar í sveitarfélaginu. Fyrirhuguðum lögum er því hvorki ætlað að ná til starfsfólks ríkisins sem er með starfsstöðvar í sveitarfélaginu né til starfsfólks sveitarfélagsins sem er með starfsstöðvar þar.

Ákveðin óvissa ríkir um fjölda þeirra einstaklinga sem um ræðir og tekjudreifingu hópsins en gera má ráð fyrir að gildissvið fyrirhugaðra laga komi til með að ná til 1.500–2.000 einstaklinga og er kostnaður áætlaður á bilinu 958–1.412 millj. kr. á mánuði í auknum útgjöldum fyrir ríkissjóð.

Þá er áætlaður kostnaður vegna umsýslu Vinnuálastofnunar við þróun hugbúnaðarlausna á bilinu 20–30 millj. kr. auk þess sem gert er ráð fyrir að stofnunin þurfi að bæta við tveimur til þremur stöðugildum, m.a. til að annast afgreiðslu umsókna um stuðning á grundvelli fyrirhugaðra laga.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að gildissvið fyrirhugaðra laga skuli ná til tímabundins stuðnings til greiðslu launa starfsfólks á almennum vinnumarkaði, sem vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ getur ekki gegnt störfum sínum þar sem starfsstöð viðkomandi er staðsett í sveitarfélaginu. Er þá miðað við að um verði að ræða tímabilið frá og með 11. nóvember 2023 til og með 29. febrúar 2024. Enn fremur er gert ráð fyrir að gildissviðið nái til stuðnings við starfsfólk vegna launataps geti það af sömu ástæðu ekki gegnt störfum sínum á sama tímabili og fær ekki greidd laun frá atvinnurekanda þrátt fyrir að ráðningarsamband sé til staðar. Þá er gert ráð fyrir að undir gildissviðið falli stuðningur við sjálfstætt starfandi einstaklinga vegna launataps geti viðkomandi af sömu ástæðu ekki gegnt störfum sínum í sveitarfélaginu á sama tímabili. Um nánari skýringu á hugtakinu *náttúruhamfarir* vísast til skýringa við 3. gr.

Mikilvægt þykir að vernda afkomu fólks sem ekki getur gegnt störfum sínum þar sem starfsstöð viðkomandi er í Grindavíkurbæ þar sem náttúruhamfarir geisa. Í því sambandi þykir jafnframt mikilvægt að viðhalda ráðningarsambandi atvinnurekenda og starfsfólks.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að markmið fyrirhugaðra laga sé að vernda afkomu fólks, sem ekki getur gegnt störfum sínum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð viðkomandi er í sveitarfélaginu, með því að tryggja launagreiðslur til viðkomandi upp að ákveðnu hámarki. Enn fremur er gert ráð fyrir að markmiðið sé að viðhalda ráðningarsambandi atvinnurekenda og starfsfólks.

Markmiðið er þannig að tryggja fólki launagreiðslur upp að ákveðnu hámarki á meðan náttúruhamfarir koma í veg fyrir að það geti gegnt störfum sínum þar sem starfsstöð þess er í Grindavíkurbæ þar sem náttúruhamfarir geisa.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skýringar á tilteknum hugtökum. Er þannig gert ráð fyrir að hugtakið *náttúruhamfarir* verði skýrt sem ófyrirséðir atburðir í náttúrunni sem verða til þess að starfsemi atvinnurekenda liggur niðri á tilteknu tímabili, að hluta eða öllu leyti, svo sem vegna rýminga á tilteknum landsvæðum. Er jafnframt gert ráð fyrir að hér geti verið um að ræða

jarðhræringar, eldgos eða öskufall vegna eldgoss eða hættu og/eða afleiðingar af slíkum atburði.

Þá er lagt til að hugtakið *sjálfstætt starfandi einstaklingur* verði skýrt sem hver sá sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í því umfangi að honum sjálfum er gert að standa mánaðarlega eða með öðrum reglulegum hætti skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi vegna starfs síns samkvæmt reglum ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald

Enn fremur er lagt til að hugtakið *starfsfólk* verði skýrt sem einstaklingar á almennum vinnumarkaði sem starfa fyrir og á ábyrgð atvinnurekanda gegn endurgjaldi. Er þannig gert ráð fyrir að með hugtakinu *starfsfólk* sé ekki átt við einstaklinga sem starfa fyrir ríkið eða sveitarfélög, enda er gert ráð fyrir að ríkið og sveitarfélög greiði starfsfólki sínu laun þrátt fyrir að ekki komi til stuðnings á grundvelli fyrirhugaðra laga.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Lagt er til að heimilt verði að veita tímabundinn stuðning til greiðslu launa starfsfólks á almennum vinnumarkaði upp að ákveðnu hámarki. Gert er ráð fyrir að skilyrði fyrir stuðningi verði að starfsfólkið hafi ekki getað gegnt störfum sínum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð þess er staðsett í sveitarfélaginu, enda liggi niðri starfsemi á starfsstöðinni, að hluta eða öllu leyti, vegna náttúruhamfaranna. Er þannig gert ráð fyrir að ekki geti komið til stuðnings geti starfsfólk gegnt starfi sínu áfram utan hefðbundinnar starfsstöðvar þess í Grindavíkurbæ þrátt fyrir náttúruhamfarir í sveitarfélaginu. Jafnframt er gert ráð fyrir að atvinnurekandi hafi sannanlega greitt starfsfólki því sem um ræðir hverju sinni laun á umræddu tímabili.

Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að veita starfsfólki tímabundinn stuðning vegna launataps upp að ákveðnu hámarki þrátt fyrir að það hafi ekki fengið greidd laun frá atvinnurekanda, svo sem vegna rekstrarörðugleika eða tekjufalls atvinnurekandans. Lagt er til að skilyrði fyrir stuðningi sé að ráðningarsamband sé til staðar og að starfsfólkið hafi ekki getað gegnt störfum sínum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð þess sé staðsett í sveitarfélaginu enda liggi niðri starfsemi á starfsstöðinni, að hluta eða öllu leyti, vegna náttúruhamfaranna.

Ætlunin er að tryggja heimildir til að greiða laun starfsfólks þegar framangreind skilyrði eru uppfyllt en þó upp að ákveðnu hámarki, hvort sem greiðslan fer til atvinnurekanda sem greiðir starfsfólki sínu laun samkvæmt kjarasamningum eða til starfsfólksins sjálfs þar sem það hefur, með vísan til 3. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nr. 19/1979, verið fellt út af launaskrá í ljósi náttúruhamfara í Grindavíkurbæ og ekki fengið greidd laun frá atvinnurekanda þrátt fyrir að ráðningarsamband hafi ekki verið rofið.

Um 6. gr.

Lagt er til að kveðið verði á um að heimilt verði að veita sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundinn stuðning vegna launataps upp að ákveðnu hámarki. Gert er ráð fyrir að skilyrði fyrir stuðningi verði að sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi ekki getað gegnt starfi sínu, að hluta eða öllu leyti, vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð viðkomandi er staðsett í sveitarfélaginu. Er þannig gert ráð fyrir að ekki geti komið til stuðnings geti sjálfstætt starfandi einstaklingur gegnt starfi sínu áfram utan sinnar hefðbundnu starfsstöðvar í

Grindavíkurbæ þrátt fyrir náttúruhamfarir í sveitarfélaginu. Þá er gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingur sé með opinn rekstur auk þess að hafa staðið skil á greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðslu skatts af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda í a.m.k. þrjá mánuði á undanfarandi fjórum mánuðum fyrir gildistöku fyrirhugaðra laga eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt reglum ríkisskattstjóra.

Með ákvæðinu er verið að tryggja heimildir til að greiða laun sjálfstætt starfandi einstaklinga í þeim tilvikum þegar framangreind skilyrði eru uppfyllt en þó upp að ákveðnu hámark.

Um 7. gr.

Lagt er til að stuðningur til greiðslu launa skuli taka mið af heildarlaunum starfsfólks hlutaðeigandi atvinnurekanda í þeim almanaksmánuði eða almanaksmánuðum sem starfsfólkið gat ekki gegnt störfum sínum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð viðkomandi er í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að til launa teljist hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald sem og framlag sem hlutaðeigandi atvinnurekandi greiðir í lífeyrissjóð viðkomandi starfsfólks.

Gert er ráð fyrir að stuðningur miðist við almanaksmánuð og sé hlutfallslega lægri fyrir styttra tímabil. Stuðningur til greiðslu launa á samkvæmt því að vera hlutfallslega í samræmi við þann tíma sem hlutaðeigandi atvinnurekandi greiddi laun þess starfsfólks sem um ræðir hverju sinni. Atvinnurekandi sem greiðir laun starfsfólks sem í hlut á fyrir allan nóvembermánuð getur þannig átt rétt á hlutfallslegum stuðningi fyrir það tímabil sem starfsfólkið gat ekki gegnt starfi sínu vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð viðkomandi er staðsett í sveitarfélaginu.

Ef starfsfólk gat einungis gegnt starfi sínu til og með 10. nóvember getur atvinnurekandi átt rétt á stuðningi sem nemur 66,7% af launagreiðslum til viðkomandi starfsfólks þann mánuð ($10/30=33,3\%$). Hafi atvinnurekandi greitt einstaklingi 500.000 kr. í laun fyrir allan nóvembermánuð nemur stuðningur við atvinnurekandann samkvæmt ákvæðinu 333.500 kr. ($500.000 \cdot 0,667=333.500$), auk þess sem veita skal 11,5% viðbótarstuðning af þeirri fjárhæð vegna mótframlags atvinnurekandans í lífeyrissjóð viðkomandi einstaklings.

Hafi starfsfólk ekki getað gegnt starfi sínu í heilan almanaksmánuð og fengið greidd laun sem nema hærri fjárhæð en 633.000 kr. skal stuðningur miðast við hámarksgreiðslur en stuðningur getur aldrei orðið hærri en 633.000 kr. vegna hvers einstaklings miðað við heilan almanaksmánuð. Hámarksfjárhæð er þar af leiðandi hlutfallslega lægri fyrir styttra tímabil. Þó er gert ráð fyrir að við bætist 11,5% viðbótarstuðningur af greiddri fjárhæð vegna mótframlags atvinnurekandans í lífeyrissjóð. Stuðningur til greiðslu launa getur þannig að hámarki numið 705.795 kr. á mánuði vegna hvers einstaklings.

Um 8. gr.

Lagt er til að stuðningur við starfsfólk og sjálfstætt starfandi einstaklinga á grundvelli 2. mgr. 5. gr. eða 6. gr. skuli taka mið af meðallaunum viðkomandi og/eða meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af, eftir því sem við á, á tímabilinu frá ágúst til október á þessu ári. Hafi starfsfólk ekki átt rétt á launagreiðslu nema að hluta á framangreindu tímabili, svo sem vegna fæðingarorlofs, er gengið út frá því að Vinnumálastofnun sé heimilt að reikna út meðallaun viðkomandi á grundvelli þeirra mánaða sem hlutaðeigandi starfsfólk fékk greidd laun frá atvinnurekanda á tímabilinu ágúst til og með október 2023. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en einn við útreikning á meðallaunum. Til meðallauna teljast einungis þau laun sem einstaklingur fékk greidd á umræddu tímabili frá þeim atvinnu-

rekanda sem stöðvað hefur launagreiðslur til viðkomandi vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem starfsstöð viðkomandi er staðsett í sveitarfélaginu. Þannig er gert ráð fyrir að starfsfólk sem er í tveimur eða fleiri störfum eigi einungis rétt á stuðningi vegna launataps hjá þeim atvinnurekanda sem stöðvað hefur launagreiðslur. Gengið er út frá því að það sama eigi við í tilviki sjálfstætt starfandi einstaklinga sem gegna öðrum störfum gegn launagreiðslum frá atvinnurekanda samhliða sjálfstæðum rekstri sínum. Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun ráðstafi 4% af stuðningnum til lífeyrissjóðs viðkomandi einstaklings. Jafnframt er lagt til að Vinnumálastofnun greiði 11,5% viðbótarstuðning af greiddri fjárhæð vegna mótframlags sem Vinnumálastofnun ráðstafar til lífeyrissjóðs viðkomandi einstaklings, m.a. í samræmi við lög um atvinnuleysistryggingar og lög um Abyrgðasjóð launa.

Gert er ráð fyrir að stuðningur miðist við almanaksmánuð og sé hlutfallslega lægri fyrir styttra tímabil. Sem fyrr segir mun stuðningur við einstaklinga á grundvelli fyrirhugaðra laga vera hlutfallslega í samræmi við þann tíma sem þeir fengu ekki greidd laun. Sem dæmi má nefna einstakling sem fær laun greidd vegna fyrri hluta nóvembermánaðar en atvinnurekandi fellir niður launagreiðslur frá og með 15. nóvember. Í slíkum tilvikum skal stuðningur taka mið af meðallaunum viðkomandi einstaklings í samræmi við það sem fram kemur í 1. mgr. greinarinnar og þeim tíma sem viðkomandi var án launa á því tímabili sem um ræðir. Í þessu tilfelli ætti viðkomandi rétt á 50% stuðningi fyrir nóvembermánuð. Hafi viðkomandi einstaklingur verið með meðallaun sem nema 600.000 kr. skal stuðningur við hann nema 300.000 kr. ($600.000 \cdot 0,5 = 300.000$). Við bætist 11,5% viðbótarstuðningur af þeirri fjárhæð vegna mótframlags í lífeyrissjóð viðkomandi einstaklings. Sama á við í tilfelli sjálfstætt starfandi einstaklinga sem verða fyrir launatapi hluta af mánuði.

Þrátt fyrir framangreint er lagt til að stuðningur geti aldrei numið hærri fjárhæð en 633.000 kr. vegna hvers einstaklings miðað við heilan almanaksmánuð. Þó er gert ráð fyrir að við bætist 11,5% viðbótarstuðningur af greiddri fjárhæð vegna mótframlags í lífeyrissjóð viðkomandi einstaklings. Stuðningur vegna launataps starfsfólks og sjálfstætt starfandi einstaklinga getur þannig að hámarki numið 705.795 kr. á mánuði vegna hvers einstaklings. Mælt er fyrir um að hámarksfjárhæð verði hlutfallslega lægri fyrir styttra tímabil.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að í umsókn atvinnurekanda, starfsfólks eða sjálfstætt starfandi einstaklinga, eftir því sem við á, um stuðning skuli koma fram upplýsingar um þá einstaklinga sem um ræðir hverju sinni auk þess sem miðað skuli við að umsóknin sé á því formi sem Vinnumálastofnun ákveður og að henni skuli fylgja fullnægjandi gögn og upplýsingar að mati stofnunarinnar svo að unnt sé að taka afstöðu til þess hvort skilyrði fyrir stuðningi séu uppfyllt, þ.m.t. afrit af launaseðlum. Er gengið út frá því að öllum umsóknum fylgi að jafnaði afrit af launaseðlum og/eða staðfesting á launagreiðslum frá ágúst til og með október 2023 þar sem greiðslur skulu taka mið af meðallaunum á því tímabili. Enn fremur er gengið út frá því að stéttarfélög geti liðsinnt félagsmönnum sínum sem sækja um stuðning á grundvelli fyrirhugaðra laga.

Jafnframt er Vinnumálastofnun veitt heimild til að hafna umsóknum um stuðning í þeim tilfellum þegar umsækjandi lætur hjá líða að veita upplýsingar sem kunna að hafa áhrif á rétt hans til stuðnings. Gert er ráð fyrir að umsóknir skuli afgreiddar þegar allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn hafa borist Vinnumálastofnun. Þá verður Vinnumálastofnun heimilt að taka ákvörðun um að synja umsækjanda um stuðning hafi nauðsynlegar upplýsingar og gögn ekki borist innan 45 daga frá þeim degi er umsóknin barst stofnuninni.

Lagt er til að umsóknir um stuðning verði að hafa borist Vinnumálastofnun í síðasta lagi 31. maí 2024. Hafi umsókn ekki borist fyrir það tímamark falli niður réttur til stuðnings á grundvelli laga fyrirhugaðra laga.

Um 10. gr.

Lagt er til að Vinnumálastofnun verði heimilt að afla upplýsinga frá Skattinum, Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands, félagsþjónustu sveitarfélaga, hlutaðeigandi atvinnurekendum, viðkomandi starfsfólki og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem og stéttarfélögum og heildarsamtökum stéttarfélaga. Skilyrði verður að upplýsingarnar sem Vinnumálastofnun aflar og vinnur með séu nauðsynlegar að mati stofnunarinnar til að henni sé unnt að framfylgja fyrirhuguðum lögum. Þá er lagt til að framangreindum aðilum beri að veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem hún óskar eftir búi þeir yfir þeim. Með þessu er tryggt að Vinnumálastofnun hafi ávallt öll gögn sem stofnunin þarf hverju sinni til að henni sé unnt að framfylgja fyrirhuguðum lögum og geti jafnframt uppfyllt þær kröfur sem rannsóknarregla stjórnvísulaga, nr. 37/1993, gerir til stofnunarinnar í því sambandi, sbr. 10. gr. laganna.

Um 11. gr.

Lagt er til að skilyrði fyrir stuðningi teljist ekki uppfyllt njóti starfsfólk eða sjálfstætt starfandi einstaklingur greiðslna samkvæmt öðrum lögum eða kjarasamningum sem ætlaðar eru til framfærslu á sama tímabili og greiðslum samkvæmt fyrirhuguðum lögum er ætlað að ná til. Verður að teljast eðlilegt að litið verði á slíkar greiðslur sem ósamrýmanlegar greiðslum á grundvelli fyrirhugaðra laga. Með greiðslum sem ætlaðar eru til framfærslu er m.a. átt við greiðslur í veikindaleyfi samkvæmt kjarasamningum, slysdagpeninga samkvæmt lögum um slysatryggingar almennatrygginga, sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar, endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga vegna óvinnufærni sem og greiðslna samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um atvinnuleysistryggingar eða lögum um sorgarleyfi.

Þá er gert ráð fyrir að atvinnurekendur sem fá greidda styrki á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar vegna þátttöku starfsfólks í vinnumarkaðsúrreæði eigi ekki rétt á greiðslum vegna sama starfsfólks á sama tímabili og fyrrnefndir styrkir eiga við um.

Um 12. gr.

Gengið er út frá því að Vinnumálastofnun leiðrétti og endurkrefji þá sem í hlut eiga hverju sinni um ofgreiddan stuðning en hafi stuðningur verið hærri en umsækjandi átti rétt á og/eða hafi hann fengið stuðning á tímabili þegar skilyrði laganna voru ekki uppfyllt beri honum að endurgreiða Vinnumálastofnun þá fjárhæð sem ofgreidd var. Á þetta við um öll tilvik sem kunna að valda því að viðkomandi hafi fengið ofgreiddan stuðning, jafnvel þótt honum verði sjálfum ekki kennt um þá annmarka sem leiddu til þess. Atvinnurekanda kann þannig að verða gert að endurgreiða ofgreiddan stuðning komi í ljós að skilyrði fyrir greiðslu hafi ekki verið uppfyllt, jafnvel þótt honum sjálfum hafi ekki verið kunnugt um ástæður ofgreiðslunnar.

Þá er gert ráð fyrir að ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu á ofgreiðslur skv. 1. mgr. séu aðfararhæfar.

Þá er lagt til að komi til úthlutunar arðs hjá atvinnurekanda, sem fengið hefur stuðning til greiðslu launa á grundvelli fyrirhugaðra laga, á tímabilinu 1. mars 2024 til og með 28. febrúar 2025, beri hlutaðeigandi atvinnurekanda að endurgreiða Vinnumálastofnun umræddan stuðning áður en til úthlutunar arðs kemur. Það þykir eðlilegt að atvinnurekandi endurgreiði stuðninginn sem hann hefur þegar þegið frá stjórnvöldum til greiðslu launa sé afkomu rekstrar

viðkomandi þannig háttáð að til úthlutunar arðs komi stuttu eftir að atvinnurekandinn hefur þegið framangreindan stuðning stjórnvalda.

Um 13. gr.

Lagt er til að heimilt verði að kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála stjórnvaldsákvæðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli fyrirhugaðra laga. Getur þar m.a. verið um að ræða ákvæðanir um rétt til stuðnings, fjárhæð og ákvæðanir um endurkröfur vegna ofgreiðslu og innheimtu. Um málsmeðferð hjá nefndinni skulu gilda ákvæði laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, nr. 85/2015. Jafnframt er lagt til að úrskurðir úrskurðarnefndar velferðarmála um endurkröfu á ofgreiddum stuðningi verði aðfararhæfir.

Úrskurðir úrskurðarnefndar velferðarmála eru endanlegir á stjórnsýslustigi og að þeim verður ekki skotið til æðra stjórnvalds. Gengið er út frá því að málsaðilar geti þó ávallt lagt ágreining um framkvæmd fyrirhugaðra laga fyrir almenna dómstóla.

Um 14. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.